



# Landsmót SÍSL í Reykjanesbæ

A og B sveitir  
24. – 26. apríl 2020

Ágætu hljómsveitarstjórar.

Nú stendur yfir undirbúningur fyrir landsmótið okkar í Reykjanesbæ fyrir alvöru og við í stjórn SÍSL reiðum okkur á ykkar aðstoð við að gera mótið sem best úr garði.

Landsmótið fer fram 24. - 26. apríl 2020 og er ætlað nemendum á grunnstigi eða þeim sem eru í A og B hóp skólahljómsveita.

## Skráning

Næsta skref fyrir ykkur verður að senda inn nafnlista og greiða mótsgjald 15.000 kr. fyrir 1. apríl næstkomandi. Allir ættu að vera búin að fá sent skráningarskjal sem þarf að senda okkur fyrir 15. febrúar næstkomandi ásamt staðfestingagjaldi að upphæð 5.000 kr. á mann. Staðfestingagjald og mótsgjald er einnig greitt fyrir fararstjóra, en ekki fyrir stjórnendur.

## Upplýsingar til foreldra

Mikilvægt er að þið aðstoðið okkur við að koma upplýsingum um mótið til foreldra, bæði almennum upplýsingum um mótin okkar og síðar upplýsingum um greiðslufyrirkomulag og fleira. Við skulum matreiða sem mest af þeim upplýsingum til ykkar.

## Mótið

Öll aðstaða er til fyrirmyndar í Reykjanesbæ. Gistiaðstaða verður í Heiðarskóla og í Holtaskóla og æfingar fara fram í Heiðarskóla, Holtaskóla, íþróttahúsinu við Sunnubraut, Myllubakkaskóla, íþróttahúsinu í Njarðvík og í Hljómahöll. Sundlaugin er svo við Sunnubraut þar sem flestar æfingar fara fram.

Gestgjafar sjá um afþreyingu á laugardeginum og svo verður kvöldskemmtun á okkar vegum á laugardagskvöldinu.

Almenn dagsskrá mótsins verður svo með svipuðu sniði og síðustu mót. Þetta er enn allt í mótun hjá okkur og fáði þið frekari upplýsingar um leið og þær eru staðfestar.

Bestu kveðjur  
f.h. stjórnar SÍSL,  
Þorvaldur Halldórsson